

sjóði Arneshrepps. Upphæð þessi er þannig fram komin, að frá 1. jan. 1910 til 31. marz s. á. er krafist $\frac{2}{3}$ kostnaðar, en eftir þann tíma og til 13. júlí, er þurfalingurinn fór burtu, alls kostnaðarins, með því að hreppsnefnd Arneshrepps hafi gert sig seka í vitaverðum drætti á því að viðurkenna sveitfestina. Hreppsnefnd Arneshrepps færðist undan að greiða þessa upphæð, sérstaklega af því, að hin umkrafða meðgjöf, 3 kr. á viku, væri of há. Leiddi þetta til þess, að þér, herra sýslumaður, felduð úrskurð í málinu 25. maí þ. á., með þeim úrslitum, að Arneshreppur skyldi greiða Grunnavíkurhreppi $\frac{2}{3}$ reikningsupphæðarinnar eða 46 kr. 84 au. Þessum úrskurði yðar hefir hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps áfrýjað til stjórnarráðsins með bréfi, dags. 3. júlí þ. á., og krafist þess, að sér verði úrskurðuð greiðsla á reikningi sínum óskertum.

Að því er snertir þá mótbáru hreppsnefndar Arneshrepps, að meðgjöfin hafi verið of há, skal það tekið fram, að samkvæmt vottorðum, er fylgdu nefndri áfrýjun, og lýsingu þeirri á sjúkleika þurfalingsins, sem er í málsskjölunum, verður eigi á þetta fallist, jafnvel þótt tillit sé tekið til, að þurfalingnum fór að batna, er leið á meðgjafartímann.

Um það atriði, hvort hreppsnefnd Arneshrepps hafi gjört sig seka í vitaverðum drætti á að viðurkenna sveitfesti þurfalingsins, skal þess getið, að með því að það er upplýst, að hreppsnefndin hefir fengið kröfu um viðurkenninguna 7. apríl 1910, en eigi svarað fyr en 28. júní s. á., verður eigi öðru vísi á litið, en að hreppsnefndin hafi gert sig seka í óþörfum drætti í þessu efni og verður Arneshreppur því samkvæmt 3. málsg. 68. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905, að endurgreiða allan kostnaðinn frá 7. apríl 1910 til 13. júlí s. á. og $\frac{2}{3}$ hans frá 1. jan. til 7. apríl, en þetta verða kr. 69.18 samkvæmt reikningi Grunnavíkurhrepps.

Því úrskurðast:

Hreppsnefnd Arneshrepps ber að greiða hreppssjóði Grunnavíkurhrepps 69 kr. 18 aur.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Arneshrepps og ber yður að sjá um, að hún greiði hina úrskurðuðu upphæð án tafar.

Erindisbréf

fyrir yfirsildarmatsmenn.

1. gr.

Yfirsildarmatsmennirnir skulu kynna sér sem bezt, hvernig sild skal vera að verkun og útliti, og hvernig á að fara með hana og verka hana, svo að hún verði talin góð vara á þeim stöðum, þar sem helztur markaður er fyrir hana.

2. gr.

Þeir hafa einir á hendi yfrumsjón með skoðun á nýrri sild, og merkingu á sildartunnum með saltaðri sild, sem út er flutt, hvor í sínu umdæmi. Um framkvæmd og fyrirkomulag á matinu og skoðuninni eru settar eftirfarandi reglur.

3. gr.

Þeir hafa undirmatsmenn eða sildarmatsmenn sér til aðstoðar við skoðun nýrrar sildar og aðgreiningu á saltaðri sild, merkingu á tunnum með saltaðri sild og umsjón á útskipun þeirra og hleðslu skipa, sé um það að ræða. Þeir senda hlutaðeigandi lögreglustjóra tillögur sínar um, á hverjum stöðum í umdæmi þeirra þurfi að skipa sildarmatsmenn, hve marga, og hverja ætti að skipa. Sildarmatsmennirnir eru skyldir að hlýða yfirsildarmatsmanni samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í erindisbréfi fyrir þá.

4. gr.

Aður en sildveiði byrjar ár hvert, skulu yfirmatsmenn fara út á skip þau, sem veiða ætla sild með herpinót eða reknetum, þegar hlutaðeigandi skipstjóri tilkynnir þeim, að hann vilji útbúa skip sitt til sildveiða, og skulu þeir þá segja fyrir um hvernig skipið skuli útbúa svo hagfelt sé fyrir geymslu sildarinnar.

Á þeim sildveiðastöðum, sem liggja langt frá heimili yfirmatsmanna, skulu þeir veita einhverjum af undirmatsmönnum sínum umboð til að segja fyrir um útbúnað sildveiðaskipa á þeim stað, og skal yfirmatsmaður þá gefa honum reglur til að fara eftir.

5. gr.

Yfirmatsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að ný sild sé skoðuð grandgæfilega, og samvirkusamlega sé um hana dæmt af undirmatsmönnum.

Yfirmatsmenn eða undirmatsmenn, er hafa umboð þeirra, skulu skera úr, ef ágreiningur verður milli skipshafnar og matsmanna eða útgerðarmanna og matsmanna eða annara, sem hafa umsjón með sildinni, og matsmanna um sild, sem matsmenn dæma óhæfa til útflutnings í lagarheldum tunnum. Skulu yfirmatsmenn rita í löggilta bók skýrslu um ágreiningsatriðin, hversu margar tonnur, hér um bil, það voru, sem dæmdar voru óhæfar til útflutnings í lagarheldum tunnum og hve margar tonnur saltaðar voru til útflutnings úr þeirri ferð skipsins; og ennfremur hvað gjört er við hina skemdu sild.

6. gr.

Þegar óskað er eftir skoðun og merkingu á saltaðri sild, skal sá, sem þess beiðist, áður hafa látið merkja tunnurnar á efra botni með svörtum olíulit, sem sýni,

1) sildartegund þá, sem í tunnum er, 2) mánaðardag, er sildin er söltuð, og 3) **102** númer þess manns eða þeirrar konu, sem sildina hefir saltað. Yfirmatsmenn setja **20. júlí** reglur um, hver og hvernig merki þessi skuli vera.

7. gr.

Öll sild, sem matsmaður merkir, skal vera góð og vel verkuð vara, og allar sildir, sem eru rifnar, hauslausar eða skemdar á annan hátt, skulu teknar burt. Hún skal vera verkuð og söltuð í lagarheldar tunnur, áður en 24 tímar voru liðnir frá því er hún var tekin úr sjó.

Sildin skal hafa legið í salti eigi skemur en 20 daga, ef það er »stórsild«; »hafsild« 18 daga; »millisild« 14 daga; »smásild« 12 daga; »kópsild« 10 daga; óaðgreind sild 15 daga, og ef um pakkaða sild er að ræða, þá tveim dögum lengur hver tegund. Þessi ákvæði gilda um kverkaða sild. Ef sildin hefir verið magadregin, má tíminn, sem hún hefir legið í salti áður skoðun fer fram, vera tveim dögum styttri fyrir hverja tegund. Finni matsmaður ástæðu til, getur hann, þegar mikil »áta« er í sildinni, úrskurðað, að hún þurfi að liggja lengur í salti, áður en hún sé metin.

Ókverkuð sild getur fengist metin hafi hún legið 5 daga í salti.

8. gr.

Yfirmatsmenn skulu gæta þess, að sildin sé vel söltuð og vel lögð í tunnurnar; hvert lag sé lagt þannig, að sildin í efra laginu liggi þvert yfir þær í neðra laginu; þær skulu liggja þétt hver við aðra, hausarnir nái alveg út að tunnustöfunum, og hvert lag sé endað með »höfuðsild«. Tunnurnar skulu vera vel fullar, og ekki meira órunnið salt í þeim en sem nemur 6 lítrum.

9. gr.

Þegar óskað er eftir skoðun og merkingu á saltaðri sild, ber þeim er hlut á að máli, að senda yfirmatsmanni skriflega beiðni um það, og geta þess þar, hvers konar sild það er, sem hann óskar að skoðuð sé og merkt, hve margar tunnur það eru og hvort sildin er kverkuð, ókverkuð eða magadregin.

Ennfremur skal beiðninni fylgja drengskaparvottorð um, að sildin sé vel verkuð í alla staði, eftir því sem beiðandi veit frekast, og að hún hafi verið söltuð áður 24 tímar voru liðnir frá því, er hún var tekin úr sjó.

10. gr.

Þegar meta skal, skulu allar tunnur sömu tegundar liggja út af fyrir sig. Matsmenn skulu fullvissa sig um, að tala tunnanna sé samkvæmt því, sem frá er skýrt í matsbeiðninni, með því að telja þær sjálfir. Sé talan ekki rétt, skulu

102 þeir láta hlutaðeigandi matsbeiðanda leiðréttu töluna í matsbeiðninni, áður skoðun fer fram.

11. gr.

Yfirmatsmaður skal opna 7 tunnur af hverjum hundrað tunnnum þeirrar sildar, er meta skal, og skal hann tæma alveg og skoða nákvæmlega í 2 tunnnum af þessum 7; í hinum 5 skal hann skoða ofan fyrir miðju hverrar tunnu. Hann er ekki bundinn við þessa tölu að öðru leyti en því, að aldrei má hann skoða færri en 7 tunnur af hverjum hundrað tunnnum; aftur á móti er honum heimilt að skoða í svo margar tunnur sem hann vill, ef hann álitur að þess sé þörf til að sannfærast um gæði sildarinnar. Tunnurnar skulu opnaðar á vixl, þannig, að 1. sé opnuð að ofan, 2. að neðan. Finnist matsmanni ástæða til að láta opna tunnurnar fremur að neðan en að ofan, eða þvert á móti, þá er honum það heimilt.

12. gr.

Þegar matsmaður hefir skoðað sild í einhverri tunnu, skal hann tafarlaust láta leggja sildina niður í hana aftur, skulu þá allar sildir höfuðlausar, rifnar eða skemdar á annan hátt, sem kynnu að hafa verið í tunnunni, teknar burt og aðrar óskemdar og gallalausar láttnar í staðinn. Að því loknu skulu tunnurnar bytnaðar og látinn í þær nægilega mikill þekill.

13. gr.

Þegar skoðun hefir fram farið, skal matsmaður merkja allar tunnurnar, ef sildin hefir verið þess verð að hans dómi; skulu merkin brennimerkt á tunnubumbuna, þeim megin sem tappagatið er. Brennimerkin skulu sett á í viðurvist yfirmatsmanns eða af honum sjálfum. Stjórnarráðið gefur reglur um, hvernig brennimarkið skuli vera.

14. gr.

Eftir að sildartunnur hafa verið brennimerktar, má hvorki bæta við eða taka úr þeim, ekki heldur opna þær eða flytja burtu án vitundar matsmanns.

15. gr.

Þegar þess er óskað, skal matsmaður sjá um útskipun á sildartunnnum, sem merktar hafa verið, og gæta þess þá, að vel sé farið með þær, svo að þær skemmist ekki við útskipunina eða þegar þeim er hlaðið í skipið. Þær skulu vera hreinar og þrifalegar, þegar þeim er útskipað, og ber matsmanni að líta eftir að svo sé. Hann skal þá hafa umsjón með að tunnunum sé svo vel hlaðið í skipunum, að þær haggist ekki í flutningnum, og gæti þess, að ekki sé of mörgum lögum hlaðið hverju ofan á annað, svo að þær verði ekki fyrir ofmiklum þyngslum

16. gr.

102
20 júlí

Matsmanni er skylt að gefa vottorð um þyngd þeirrar sildar, sem í tunnunum er, ef þess er óskað af matsbeiðanda; skal sú ósk fram koma áður sildin er skoðuð, og skal matsmaður þá veða sildina í þeim tunnnum, sem hann skoðar í, og á annan hátt fullvissa sig um þyngdina, svo hann geti vottað um hana.

17. gr.

Matsmaður skal ávalt athuga, þegar hann skoðar sild, að tunnur þær, sem hún er í, séu svo góðar, að engin hætta sé á, að sildin skemmist í þeim þeirra vegna, og ber yfirmatsmanni að neita að merkja eða láta merkja sildina, ef hann álitur tunnurnar ekki nægilega góðar.

18. gr.

Yfirmatsmaðurinn gætir þess, að reikningar sildarmatsmanna, fyrir vinnu að mati undir stjórn hans, séu réttir og samkvæmir því, sem ákveðið er í erindisbréfi fyrir þá, og skrifar hann á reikningana áður en þeir eru borgaðir af þeim, sem metið hefir verið fyrir.

19. gr.

Yfirmatsmennirnir eru tveir. Annar á Akureyri og nær umdæmi hans frá hreppamörkum Þóroddstaðahrepps og Svarfaðardalshrepps í Eyjafjarðarsýslu austur að Langanesi; hinn á Siglufirði og nær umdæmi hans frá nefndum hreppamörkum vestur að Horni.

Yfirmatsmennirnir fá laun, ferðakostnað og fæðispeninga úr landssjóði samkvæmt lögum um skoðun á sild 11. júlí 1911, 8. gr. Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum eða öðrum, sem um sildina eða sildveiðaskipin eða sildarútflutningsskipin eiga að sjá, annari en borgun þeirri, sem ákveðin er í framangreindum lögum.

20. gr.

Yfirmatsmaður er skyldur til að meta sild á hverjum þeim stað í umdæmi sínu sem þess er óskað. Til aðstoðar við matið skipar hann einhverja af hinum löggiltu sildarmatsmönnum í umdæmi sínu, þá er honum sýnist.

Hann getur og gefið einhverjum af sildarmatsmönnum í umdæmi sínu, er hann treystir bezt, umboð til að sjá um störf yfirsildarmatsmanns í sinn stað, ef hann getur ekki séð um þau sjálfur vegna annrikis við sildarmatsstörf eða annara forfalla.

102

20. júlí

21. gr.

Yfirmatsmenn eru skyldir til að ferðast um í umdæmi sínu, eftir samráði við stjórnarráðið, og leiðbeina mönnum um verkun og meðferð sildar.

22. gr.

Peir mega ekki meta eða merkja sild, sem þeir eiga sjálfir, og ekki heldur vera í þjónustu sildveiðimanna eða manna, sem meta láta sild til útflutnings.

23. gr.

Yfirmatsmenn rita undir eiðstaf, um að þeir vilji hlýða erindisbréfi þessu og rækja með alúð og kostgæfni þær skyldur, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

Peir verða að sætta sig við þær breytingar, sem gjörðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

24. gr.

Með þessu eru úr gildi feld erindisbréf til bráðabirgða fyrir sildarmatsmenn á Akureyri og Siglufirði 30. júlí 1909.

Í stjórnarráði Íslands, 20. júlí 1911.

I fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Sýnishorn:

Brennimerki þau, sem yfirsildarmatsmenn skulu setja á þær sildartunnur, sem þeir telja vel verkaða og góða vöru, skulu vera þessi:

Ísland.

Óaðgreind.

Ak. eða Sf. — 1911.

Þetta merki þýðir, að í tunnunni sé vel verkuð sild, sem ekki er aðgreind eftir stærð. Og skal matsmaður neita að merkja tunnuna ef í henni finnast fleiri en 30 sildir höfuðlausar, rifnar eða skemdar á annan hátt.

Ísland.
Stórsild.

102
20. júlí

Ak. eða Sf. — 1911.

Þetta merki þýðir, að í tunnunni sé vel verkuð sild, yfir 35 centim. að lengd, mæld frá fremsta odda neðra kjálkabeins til aftasta odda sporðblöku. Matsmaður skal neita að merkja tunnuna, ef í henni finnast fleiri en 20 sildir hauslausar, rifnar eða skemdar á annan hátt, eða fleiri en 20 sildir undirmáls.

Ísland.
Hafsild.

Ak. eða Sf. — 1911.

Þetta merki þýðir, að í tunnunni sé vel verkuð sild 32—36 centim. að lengd. Og skal matsmaður neita að merkja tunnuna, ef í henni finnast fleiri en 25 sildir höfuðlausar, rifnar eða skemdar á annan hátt, eða fleiri en 25 undir- eða yfirmálssildir.

Ísland.
Millisild.

Ak. eða Sf. — 1911.

Þetta merki þýðir, að í tunnunni sé vel verkuð sild 29—33 centim. að lengd. Og skal matsmaður neita að merkja tunnuna, ef í henni finnast fleiri en 32 sildir höfuðlausar, rifnar eða skemdar á annan hátt, eða fleiri en 32 undir- eða yfirmálssildir.

Ísland.
Smásild.

Ak. eða Sf. — 1911.

Þetta merki þýðir, að í tunnunni sé vel verkuð sild 26—30 centim. að lengd. Og skal matsmaður neita að merkja tunnuna, ef í henni finnast fleiri en 45 sildir höfuðlausar, rifnar eða skemdar á annan hátt eða fleiri en 45 undir- eða yfirmálssildir.

Ísland.
Kópsild.

Ak. eða Sf. — 1911.

Þetta merki þýðir, að í tunnunni sé vel verkuð sild 23—37 centim. að lengd. Og skal matsmaður neita að merkja tunnuna, ef í henni finnast fleiri en 60 sildir höfuðlausar, rifnar eða skemdar á annan hátt, eða fleiri en 60 undir- eða yfirmálssildir.

102

20. júlí

[Fálkamerki yfirsildarmatsmanns og ártalið undir].

Þetta merki þýðir, að í tunnunni sé umpökkuð sild, góð og vel verkuð vara í alla staði. Í tunnu með þessu merki skal síldin hafa verið vegin í hverri einstakri tunnu og hún umpökkuð undir stjórn matsmanna. Yfirmatsmenn hafa ábyrgð á, að vegin sé rétt í öllum tunnnum með þessu merki. Vegin skal vera jöfn í öllum tunnnum í sömu heild, sem þetta merki hafa, og aldrei minni en 95 kílógröm. Þetta merki má ekki setja á tunnur með ókverkaðri síld.

Ak. er fangamark yfirsildarmatsmannsins á Akureyri.

Sf. er fangamark yfirsildarmatsmannsins á Siglufirði.

103

20. júlí

Erindisbréf**fyrir síldarmatsmenn.****1. gr.**

Síldarmatsmennirnir eða undirmatsmennirnir eiga að kappkosta að verða sem færastir í að geta dæmt um gæði síldar og meðferð hennar og sem leiknastir í að aðgreina hana.

2. gr.

Yfirsildarmatsmennirnir, hvor í sínu umdæmi, eru yfirboðarar þeirra, og eru þeir aðstodarmenn yfirmatsmanna við skoðun nýrrar síldar og mat og merking á tunnnum með saltaðri síld.

Þeir mega ekki vera í burtu frá síldveiðastöð þeirri, sem þeir eru skipaðir fyrir, meðan á veiðunum stendur, nema með leyfi yfirmatsmanns.

3. gr.

Þeir eru skyldir að fara eftir fyrirskipunum yfirmatsmanns og leitast við að gjöra honum til hæfis, þegar þeir eru undir stjórn hans.

4. gr.

Þegar síldveiðaskip kemur að landi með ósaltaða síld, sem saltast á í